

1. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, kjörtímabilið 2018-2022, Végarði, 11. 06 2018

Mættir voru allir nýkjörnir aðalmenn, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Jóhann F. Þórhallsson

Gunnþórunn sem aldursforseti boðaði til fundarins, setti hann og stjórnaði í upphafi, eins og kveðið er á um í samþykktum sveitarfélagsins

Samþykkt var að gera dagskrárbreytingu.. Liður númer 3 verður að 1. lið. Einnig var bætt við skipan 2ja fulltrúa í Verkefna-og rannsóknarsjóð, sem fallið hafði niður í lista um kjör í nefndir og ráð.

Dagskrá:

1. **Skýrsla fráfarandi kjörstjórnar** /*Jósef Valgarð Þorvaldsson formaður mætir*

2. Kosningar

Til 1 árs

Oddviti

Varaoddviti

Nefndir, stjórnir og tilnefningar fulltrúa

Til 4ja ára:

Fjallskilanevnd: Fjallskilastjóri og 4 nefndarmenn

Ferðamálanefnd: 3 aðalmenn og 3 varamenn

Byggingar-og skipulagsnefnd: 3 aðalmenn og 3 varamenn

Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 varamenn

Landbótasjóður: 3 aðalmenn og varamaður

Húsnefnd Végarð: 1 fulltrúi og varamaður

Almannavarnarnefnd Múlaþings: 1 fulltrúi og varamaður

Brunavarnir á Héraði: 1 stjórnarmaður og varamaður

Brunavarnir á Austurlandi : 1 stjórnarmaður og varamaður

Minjasafn Austurlands : 1 stjórnarmaður og varamaður

Ársalir: 1 stjórnarmaður og varamaður

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga: 1 fulltrúi og varafulltrúi

Landsþing íslenskra sveitarfélaga: 1 fulltrúi og varafulltrúi

Svæðisskipulagsnefnd Austurlands: 2 fulltrúar og 2 varamenn

Félagsmála-og barnaverndarnefnd, 1 varafulltrúi

Til 1.árs

Aðalfundur SSA: 1 fulltrúi og varafulltrúi

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands :1 fulltrúi og varafulltrúi

Aðalfundur HAUST: 1 fulltrúi og varafulltrúi

Verkefna og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankanns: 2 fulltrúar og 2 varafulltrúar

3. Samþykktir , stefnur og reglur , lagðar fram til kynningar :

Samþykktir Fljótsdalshrepps

Siðareglur kjörinna fulltrúa Fljótsdalshrepps

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps

Innkaupareglur Fljótsdalshrepps

Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026

4. Sparkvöllur Hallormsstað

5. Skipulagslýsing v. breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018

6. Inniræktun í Fljótsdal

7. Bréf

- a) Afmælisnefnd fullveldis Íslands dags. maí
- b) Styrktarsjóður EBÍ dags. 15.05 2018
- c) Mannvirkjastofnun dags. 18.04 2018

8. Fjárbeiðnir

- a) Blindrafélagið
- b) SSÁ
- c) List án landamæra

9. Umhverfisstyrkir

- a) Friðrik Ingólfsson, Valþjófsstað 2
- b) Jósef Valgarð Þorvaldsson, Víðivöllum fremri

10.Fundargerðir

- a) Fundur um endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna 31.05 2018
- b) Félagsmálanefnd 29.05 2018

- c) HAUST 03.05 2018
- d) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 18.04 2018
- e) Svæðisskipulagsnefnd 04.05 2018
- f) Aðalfundur Gróðrarstöðvar Barra ehf 17.05 2018, *ásamt ársreikningi 2017*
- g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.02 og 23.04 2018, *ásamt fjárhagsáætlun og áætlun um framlög 2019*
- h) Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi, *ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2017*
- i) Upphéraðsklassi 23.04 2018, *ásamt lokauppgjöri 2017*
- j) Aðalfundur Minjasafns Austurlands 26.04 2018, *ásamt ársreikningi og ársskýrslu 2017 og starfsstefnu 2018-2021*
- k) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 11.04 2018

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

12. Önnur mál

1. Skýrsla fráfarandi kjörstjórnar .

Jósef Valgarð formaður kjörstjórnar bauð nýkjörna sveitarstjórn velkomna til starfa og fór munnlega yfir ýmislegt er varðar framkvæmd kosninga o.fl er lítur að starfi kjörstjórna. Jósef afhenti fundargerðarbók og fleiri vinnugögn kjörstjórnar og bað um að þeim væri komið í geymslu og óafgreiddri fyrirspurn sem barst til formanns eftir kosningar yrði komið til nýrrar kjörstjórnar til afgreiðslu..

Anna Jóna fann að því að föðurnafn hennar hefði verið rangt ritað í kjörbréfi og baðst formaður kjörstjórnar afsökunar á því. Jóhann þakkaði formanni kjörstjórnar fyrir að koma á fundinn og upplýsa sveitarstjórn um störf kjörstjórnar. Einnig óskaði hann eftir að kjörstjórn skilaði þessari skýrslu skriflegri og undirritaðri til sveitarstjórnar.

Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Fljótisdalshreppi voru eftirfarandi:

Á kjörskrá voru 61. Atkvæði á kjörstað greiddu 46, eða 75,41%, utankjörstaðaratkvæði voru 4. Samtals greiddu 50 atkvæði og kjörsókn því 81,97 %. Engir seðlar voru auðir eða ógildir.

Kosningu hlutu:

Aðalmenn:

Lárus Heiðarsson 41 atkv.

Anna Jóna Árnarsdóttir 32 atkv.

Eiríkur J. Kjerúlf 29 atkv.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir 28 atkv.

Jóhann Frímánn Þórhallsson 26 atkv.

Varamenn:

1. Arna Björg Bjarnadóttir 26 atkv.

2. Gunnar Gunnarsson 14 atkv.

3. Anna Bryndís Tryggvadóttir 15 atkv.

4. Hörður Már Guðmundsson 13 atkv.

5. Bjarki Már Jónsson 13 atkv.

2. Kosningar

Til 1 árs oddviti

Kosning oddvita og varaoddvita fór fram með skriflegum hætti.

Í fyrstu umferð kosningar oddvita féllu atkvæði eftirfarandi:

Eiríkur J. Kjerúlf 1 atkvæði

Jóhann F. Þórhallsson 1 atkvæði

Gunnþórunn Ingólfisdóttir 2 atkvæði

Lárus Heiðarsson 1 atkvæði

Í annari umferð féllu atkvæði eftirfarandi:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir 2 atkvæði

Jóhann F. Þórhallsson 1 atkvæði

Lárus Heiðarsson 2 atkvæði

Í þriðju umferð féllu atkvæði eftirfarandi:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir 3 atkvæði

Lárus Heiðarsson 2 atkvæði

Gunnþórunn er réttkjörin oddviti.

Varaoddviti , til 1 árs:

Lárus Heiðarsson 3

Jóhann F. Þórhallsson 2

Lárus Heiðarsson er réttkjörin varaoddviti.

Gunnþórunn stýrir fundi áfram , nú sem kjörin oddviti

Nefndir, stjórnir og tilnefningar fulltrúa

Kosnir og skipaðir eru eftirtaldir:

Til 4ja ára:

Fjallskilanefnd:

Jóhann F. Þórhallsson fjallskilastjóri, Brekkugerði

Eyjólfur Yngvason varafjallskilastjóri, Melum

Gunnar Jónsson, Egilsstöðum

Hallgrímur Þórhallsson, Brekku

Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2

Ferðamálanefnd:

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, Víðivöllum fremri

Gunnar Gunnarsson, Egilsstöðum

Brynjar Darri Sigurðsson, Vallholti

Varamenn

Kristín Gunnarsdóttir, Víðivellir Ytri 2

Þórhallur Jóhannsson, Brekkugerði

Kolbeinn Magnús Lárusson, Droplaugarstöðum

Byggingar-og skipulagsnefnd:

Eiríkur J. Kjerúlf, Arnheiðarstöðum

Helga H. Vigfúsdóttir, Valþjófsstað II

Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1

Varamenn

Hörður Guðmundsson, Víðivöllum Ytri 1

Þórdís Sveinsdóttir, Melum

Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt

Kjörstjórn:

Jósef Valgarð Þorvaldsson, Víðivöllum fremri

Sigríður Björnsdóttir, Droplaugarstöðum

Hallgrímur Þórhallsson, Brekku

Varamenn

Gunnar Jónsson, Egilsstöðum

Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2

Matthildur Þórðardóttir, Arnheiðarstöðum

Landbótasjóður:

Eiríkur J. Kjerúlf formaður

Anna Bryndís Tryggvadóttir

Einar Sveinn Friðriksson

Varamaður

Lárus Heiðarsson

Húsnefnd Végarð:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varamaður, Lárus Heiðarsson

Almannavarnarnefnd Múlapings:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varamaður, Lárus Heiðarsson

Brunavarnir á Héraði:

Sveinn Ingimarsson, varamaður Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Brunavarnir á Austurlandi :

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varamaður Lárus Heiðarsson

Minjasafn Austurlands :

Þórdís Sveinsdóttir, varamaður Gunnar Jónsson

Ársalir:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varamaður, Lárus Heiðarsson

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga:

Gunnar Gunnarsson, varamaður Sólveig Ólafsdóttir

Landsþing íslenskra sveitarfélaga:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varamaður, Lárus Heiðarsson

Svæðisskipulagsnefnd Austurlands:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir og Lárus Heiðarsson

Varafulltrúar : Arna Björg Bjarnadóttir og Jóhann F. Þórhallsson

Félagsmála-og barnaverndarnefnd, varafulltrúi

Anna Jóna Árnarsdóttir verður fulltrúi Fljótsdalshrepps

Til 1.árs

Aðalfundur SSA:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir , varafulltrúi Lárus Heiðarsson

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands :

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varafulltrúi Lárus Heiðarsson

Aðalfundur HAUST:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, varafulltrúi Steingrímur Karlsson

Verkefna og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans:

Gunnþórunn Ingólfisdóttir og Anna Jóna Árnarsdóttir, til vara Lárus Heiðarsson og Bjarki Jónsson

Undir þessum lið ræddi Eiríkur það að oftar mætti muna eftir því sem vel væri gert og að Þorvarður Ingimarsson sem látið hefur af störfum í sveitarstjórn og sem fjallskilastjóri undanfarinna ára , hefði skilað sérstaklega góðu starfi sem fjallskilastjóri. Jóhann leggur til að sveitarstjórn geri orð Eiríks að sínum og þakki Þorvarði fyrir farsælt 20 ára starf í sveitarstjórn. Samþykkt.

3. Samþykktir , stefnur og reglur , lagðar fram til kynningar :

Samþykktir Fljótsdalshrepps, kynnt

Síðareglur kjörinna fulltrúa Fljótsdalshrepps, kynnt

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps, kynnt

Innkaupareglur Fljótsdalshrepps, kynnt

Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026, kynnt

Jóhann benti á að undir þessum lið hefði einnig verið rétt að kynna fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og fjárhagsstöðu, stöðuna á Staðardagsskrá 21 og aðalskipulag sveitarfélagsins. Oddviti sagði ýmsar fleiri samþykktir og reglur í gildi fyrir sveitarfélagið sem ástæða væri til að fara yfir á næstu fundum og rifja upp , ekki síst með t.t.t. nýs sveitarstjórnarmanns.

4. Sparkvöllur Hallormsstað

Völlurinn er sameign Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs. Sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshérað yfirtaki eignarhlut Fljótsdalshrepps í sparkvellingnum og sjái um að fjarlægja hann og beri af því allan kostnað. Bókfærður eignarhlutur Fljótsdalshrepps í vellingnum er rúmlega 2.1 milljón.

5. Skipulagslýsing v. breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018

Umsagnarfrestur rann út 25 maí og bárust umsagnir frá 5 aðilum, Minjastofnun dags. 29.05, Umhverfisstofnun dags. 16.05, Vegagerðinni dags. 04.05, Landsneti (tölvupóstur) dags. 28.05, HAUST dags. 02.05, auk umsagnar Skipulagsstofnunar dags. 29.05. Ekki bárust aðrar umsagnir. Sveitarstjórn samþykkir að unnin verði skipulagstillaga á grunni lýsingarinnar og við gerð hennar verði tekið tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust. Oddvita og skipulagsráðgjafa falið að undirbúa skipulagstillöguna, leitað verði liðsinnis lögmanns sveitarfélagsins eftir þörfum.

6. Inniræktun í Fljótsdal

Kynning á hugmyndum um inniræktun á grænmeti í Fljótsdal. Sveitarstjórn er áhugasöm um framgang verkefnisins, sem eykur fjölbreytni í búskaparháttum í sveitinni.

7. Bréf

- a) Afmælisnefnd fullveldis Íslands dags. maí, Kynnt
- b) Styrktarsjóður EBÍ dags. 15.05 2018. Tilkynnt um 200.000 kr. styrk vegna upplýsingaskiltis á lóð Végarðs
- c) Mannvirkjastofnun dags. 18.04 2018. Úttektir slökkviliða 2017, BáA. Kynnt

8. Fjárbeiðnir

- a) Blindrafélagið. Hafnað
- b) SSÁ .Hafnað
- c) List án landamæra. Samþykkt að styrkja verkefnið um 20.000 kr. Sýning Arons Kale á Skriðuklaustri.

9. Umhverfisstyrkir

Gunnþórunn vék af fundi vegna tengsla og Lárus tók við fundarstjórn.

- a) Friðrik Ingólfsson, Valþjófsstað 2. Samþykktur hámarksstyrkur
- b) Jósef Valgarð Þorvaldsson, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

10. Fundargerðir

- a) Fundur um endurskoðun Fjallskilasamþykktar Múlasýslna 31.05 2018. Kynnt
- b) Félagsmálanefnd 29.05 2018. Kynnt
- c) HAUST 03.05 2018. Kynnt
- d) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 18.04 2018. Kynnt
- e) Svæðisskipulagsnefnd 04.05 2018. Kynnt
- f) Aðalfundur Gróðrarstöðvar Barra ehf 17.05 2018, *ásamt ársreikningi 2017*. Kynnt
- g) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.02 og 23.04 2018, *ásamt fjárhagsáætlun og áætlun um framlög 2019*. Kynnt
- h) Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi, *ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2017*. Kynnt
- i) Upphéraðsklasi 23.04 2018, *ásamt lokauppgjöri 2017*. Kynnt
- j) Aðalfundur Minjasafns Austurlands 26.04 2018, *ásamt ársreikningi og ársskýrslu 2017 og starfsstefnu 2018-2021*. Kynnt
- k) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 11.04 2018. Kynnt

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skrifað hefur verið undir samning við Hleðslu ehf um viðhald og rekstur rafhleðslustöðvar sem sett verður á næstunni upp við Snæfellsstofu. Hleðslustöð við Laugarfellsskála var tekin niður í vetur en verið að setja hana upp aftur.

Vatnstjón varð í starfsmannahúsi í Laugarfelli vegna leka í krana, verið er að skoða tjónið með tryggingarfélagi sveitarfélagsins. Lítils háttar leka hefur einnig orðið vart á skilum forstofu og húss.

Framkvæmdir við stíg að Hengifossi standa yfir og stefnt að því að þeim ljúki að mestu í júní.

Ekki er lokið að gera við varnargirðingar í Norður-og suðurdal. Meðan svo er heldur LV uppi vatnsrennsli á Jökulsá með stýringu.

Lagfæra þarf skráningu á lóð Végarðs í Þjóðskrá, áður en hægt verður að ganga frá kaupum. Lögfræðingur sveitarfélagsins vinnur að því með lögfræðingi Kirkjumálasjóðs.

HAUST kom í eftirlitsferð í Végarð, ekki voru gerðar athugasemdir, en minnst á raka í útvegg í kjallara, sem vonast er til að komist hafi verið fyrir með lagfæringum á gluggum á eftir hæð. Nýr skjávarpi hefur verið keyptur í húsið.

NTV netkennsla býður sveitarstjórn aðgang að netkennsluvef sínum

Útgáfufélagið SagaZ undirbýr útgáfu verksins ÍSLAND 2020, atvinnuhættir og menning. Fljótsdalshreppi hefur verið boðið að vera með í umfjöllun um sveitarfélög í ritinu.

Fyrirspurn barst um eignarhalds tiltekins landsskika á Fljótsdalsheiði (örnefnið Þrímelar), verið að að frumskoða heppileg svæði fyrir vindmyllur.

Fyrirtækið Skógarafurðir hefur áhuga á að safna saman stórum trjábolum, víðs vegar um landið í samstarfi við sveitarfélög.

Landsnet hefur sett í opið umsagnarferil tillögu að kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi, fyrir tímabilið 2018-2027. Kynningarfundur um áætlunina verður á Egilsstöðum, Hótel Hérað, 12.6, kl. 15-17.

Sambandið boðar til landsþings SÍS 2018, á Akureyri dagana 26-28. september.

Jafnréttisstofa minnir á skyldur sveitarfélaga gagnvart jafnréttislögum.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um endurmat fasteignamats hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi um 7,4 %

Brynjar Darri Kjerúlf hefur lokið BA verkefninu „Ávinningur fræðslustígs við Hengifoss“ og skilað skýrslu til verkefnasjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans.

Niðurstaða skoðanakönnunar sem sveitarstjóri Grýtubakkahrepps stóð fyrir, með fyrirspurn til sveitarfélaga um hvort ætti að festa í lög lámærks íbúafjölda í sveitarfélagi var um 2/3 sveitarfélög svöruðu og yfirgnæfandi fjöldi þeirra var því andvígur.

Gildandi ráðningarsamningar við oddvita og varaoddvita renna út 30. júní n.k.

12. Önnur mál

- a) Jóhann stakk upp á að Jóna Árný hjá Austurbrú yrði fengin á fund til að ræða hugmyndir um atvinnuuppbyggingu og auðlindanýtingu í sveitarfélaginu.
- b) Rætt um söfnun sorps í gáma við vegamót Norðurdalsvegar og ábendingar um að fleiri en íbúar og fyrirtæki í Fljótsdal nýti sér gámana, skoða þurfi hvort ástæða sé til að hafa opnunartíma eða aðrar takmarkanir inn á gámasvæðið.
- c) Rekstur skrifstofu og framkvæmdastjórn.

Gunnþórunn óskaði eftir að fá að víkja af fundi meðan málið væri rætt.. Lárus tók við fundarstjórn

Samhliða oddvitastörfum verður óskað eftir að Gunnþórunn starfi áfram sem framkvæmdarstjóri sveitarfélagsins. Varaoddvita er falið að undirbúa undirbúa ráðningarsamning við oddvita og oddvita falið að leggja upp drög að samningi við varaoddvita um afleysingu. Gengið út frá að samningarnir verði lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu á næsta fundi hennar.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:15

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)